

RANNSÓKNARBORUN Á HÁHITASVÆÐI NEÐAN HVERADALS Í KRÝSUVÍK, HAFNARFIRÐI

Ákvörðun um matsskyldu

NIÐURSTAÐA

Það er niðurstaða Skipulagsstofnunar að borun allt að þriggja djúpra rannsóknarhola á háhitasvæði neðan Hveradals í Krýsuvík sé ekki líkleg til að hafa í för með sér umtalsverð umhverfisáhrif og skuli því ekki háð mati á umhverfisáhrifum.

Skipulagsstofnun telur að helstu neikvæðu áhrif framkvæmdanna á umhverfið séu sú truflun sem fylgi framkvæmdatíma og búast má við að raski upplifun útivistarfólks í nágrenni framkvæmdasvæðisins á meðan borun og blástursprófun hola fer fram. Skipulagsstofnun vekur athygli á að truflun af hávaða frá borholu í blæstri er ekki aðeins vegna hljóðstyrks heldur veldur lág tíðni því að drunur berast um langan veg og geta truflað upplifun ferðamanna og útivistarfólks. Að þessu þarf að huga við gerð hljóðdeyfa og val á árstíð þegar afkastamæling hvekkar hola fer fram.

Ef eingöngu verður um rannsóknarholur að ræða og þeirri umgengni og þeim frágangi fylgt sem boðuð er í greinargerð framkvæmdaraðila þá telur Skipulagsstofnun ekki líklegt að veruleg ummerki eftir framkvæmdirnar standi eftir. Ef niðurstöður rannsóknarborana vekja væntingar sem leiða til frekari borana eða virkjunar þá ber, áður en ráðist er í frekari framkvæmdir, að haga málsmeðferð samkvæmt lögum um mat á umhverfisáhrifum.

Skipulagsstofnun tekur undir ábendingar Fornleifaverndar ríkisins og telur nauðsynlegt að vekja athygli verktaka á staðsetningu fornleifa svo tryggt verði að þeim verði hlíft við raski.

Skipulagsstofnun vekur athygli á að framkvæmdirnar eru háðar framkvæmdaleyfi Hafnarfjarðarbæjar skv. 27. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 m.s.b. og starfsleyfi Heilbrigðiseftirlits Hafnarfjarðar- og Kópavogssvæðis skv. reglugerð nr. 785/1999 um starfsleyfi fyrir atvinnurekstur sem kann að hafa í för með sér mengun. Áður en framkvæmdaleyfi er veitt þarf að liggja fyrir staðfest breyting á Aðalskipulagi Hafnarfjarðar 2005-2025.

Samkvæmt 14. gr. laga nr. 106/2000 m.s.b. má kæra ákvörðun Skipulagsstofnunar til umhverfisráðherra. Kærufrestur er til 3. ágúst 2009.

25. júní 2009

INNGANGUR

Þann 24. apríl 2009 tilkynnti HS Orka hf. um fyrirhugaða rannsóknarborun á háhitasvæði neðan Hveradals í Krýsuvík til Skipulagsstofnunar samkvæmt 6. gr. laga um mat á umhverfisáhrifum nr. 106/2000 m.s.b. og lið 2 c.i í 2. viðauka laganna.

Skipulagsstofnun leitaði álits Hafnarfjarðarbæjar, Ferðamálastofu, Fornleifaverndar ríkisins, Heilbrigðiseftirlits Hafnarfjarðar- og Kópavogssvæðis, Orkustofnunar og Umhverfisstofnunar.

Umsagnir bárust frá Hafnarfjarðarbæ með bréfi dags. 5. júlí 2009, Ferðamálastofu með bréfi dags. 6. júní 2009, Fornleifavernd ríkisins með bréfi dags. 9. júní 2009, Heilbrigðiseftirliti Hafnarfjarðar- og Kópavogssvæðis með bréfi dags. 26. maí 2009, Orkustofnun með bréfi dags. 5. júní 2009 og Umhverfisstofnun með bréfi dags. 11. júní 2009. Frekari upplýsingar bárust frá HS Orku hf. með bréfi dags. 23. júní 2009.

FRAMLÖGÐ GÖGN FRAMKVÆMDARAÐILA

Fyrirhuguð framkvæmd. HS Orka hf. áformar borun djúprar rannsóknarholu eða hola neðan Hveradals í Krýsuvík, Hafnarfjarðarbæ. Framkvæmdirnar fela í sér gerð borteigs og borun allt að þriggja hallandi rannsóknarhola og er framkvæmdatími áætlaður 6 mánuðir.

Borteigur. Í greinargerð framkvæmdaraðila kemur fram að gert er ráð fyrir að borteigur verði staðsettur við brekkurót um 500 m norðvestur af húsum Krýsuvíkurbúsins. Fyrir eina borun nægir borstæði ca. 3.500 m² að stærð; til að koma fyrir þremur borstæðum á sama borteig þarf teigurinn að vera að lágmarki 5.500 m². Endanlegar stærðir markist af aðstæðum á svæðinu, undirlagi o.þ.h. en hámarksstærð ætti ekki að fara yfir 8.000 m².

Borholur. Í greinargerðinni kemur fram að frumáætlun geri ráð fyrir að fyrst verði stefnuboruð ein hola og ef niðurstöður lofi góðu þá verði ráðist í borun fleiri stefnuboraðra hola, en þrjár holur séu taldar nægja til að afla nauðsynlegra upplýsinga um djúpkerfi jarðhitageymisins. Dýpt hola ákvarðist af borgetu, skoltapi, niðurstöðum úr svarfgreiningu og borholumælingum. Holunum sé ætlað að gefa upplýsingar um lekt og eðli meints jarðhitakerfis.

Efnisþörf. Í greinargerð framkvæmdaraðila kemur fram að gert sé ráð fyrir að í borplan fyrir eina borholu þurfi um 3.000 m³, af aðfluttu burðarhæfu efni og allt að 6.000 m³ ef um yrði að ræða 8.000 m² borteig. Magn fyllingarefnis fari eftir jarðvegsgerð undir borteigssvæðinu. Gert sé ráð fyrir að burðarhæft efni verði sótt í Vatnsskarðsnámu eða á aðra viðurkennda efnistöskustaði. Ef farga þarf efni verði fundinn staður í samráði við byggingarfulltrúa Hafnarfjarðar og/eða Grindavíkur. Mögulega sé hægt að koma efni fyrir í gömlum gjallnámum í námunda við Vatnsskarðsnámu.

Vegslóð. Í greinargerðinni kemur fram að vegslóði sem liggi að svæðinu verði nýttur fyrir aðkomu að borteig en hugsanlega þurfi að styrkja hann með burðarhæfu efni. Hugað verði sérstaklega að frágangi vegaxla þannig að þær falli vel að gerð og ásýnd aðliggjandi svæðis. Ekki sé gert ráð fyrir gerð nýrra vegslóða nema tengingu við borteiginn frá beygju á vegi heim að Krýsuvíkurbúi.

Frágangur borplans. Fram kemur að metið verði sérstaklega hvernig hagræða megi uppsetningu búnaðar vegna borframkvæmda með það að markmiði að takmarka stærð borteigs eins og unnt sé. Raskað land eða sár í landi verði lagfærð með efni áþekku því sem liggja að borteig. Hönnun borteigs verði þannig að landhæð borteigs verði höfð lægri en umliggjandi lands. Þetta sé gert til þess að hægt verði að loknum framkvæmdum að keyra mold ofan á efnispúðann og sá í yfirborð svo þar myndist sama gróðurþekja og á aðliggjandi svæði. Þessi frágangur borteigs verði viðhafður óháð niðurstöðum rannsókna.

Skolvatn og borsvarf. Í greinargerð framkvæmdaraðila kemur fram að gert sé ráð fyrir að skolvatn fyrir borun verði fengið úr Kleifarvatni. Lögnin verði úr plasti og lögð meðfram vegi ofanjarðar og fjarlægð að loknu borverki. Í stað hefðbundinnar gryfju undir svarf, við hlið skolvatnskars borsins, verði kannað að nota safngám í stað gryfju. Skolvatnsmagn sé breytilegt en reikna megi með að það sé að jafnaði rúmir 30 l/s. Í svarfprónni/svarfgámi falli fast efni til botns. Frá svarfgámi berist síðan skollitað vatn áfram um yfirfall í um 500 m langan skurð sem liggja í túni Krýsuvíkurbúsins og endar í lækjarfarvegi sem liggja til sjávar, en farvegurinn sé fyrst og fremst myndaður af leysingavatni. Skollitur vatnsins sé ekki ósvipaður lit á leysingavatni og stafi frá fínasta hluta borsvarfsins. Svarfið samanstandi af örfínum móleitum jarðvegssalla sem borkrónan hafi mulið úr berginu. Vatnsgæði haldi sér áþekk og gerist í leysingum. Ekki sé gert ráð fyrir að skolvatn eða efni sem berist með skolvatni hafi mengandi áhrif og séu umhverfisáhrif því óveruleg, enda einungis um að ræða náttúruleg jarðefni sömu ættar og þau sem leysingavatn beri með sér.

ÁLIT UMSAGNARAÐILA OG VIÐBRÖGÐ FRAMKVÆMDARAÐILA

Almennt. Hafnarfjarðarbær, Fornleifavernd ríkisins, Orkustofnun og Umhverfisstofnun telja að framkvæmdirnar skuli ekki háðar mati á umhverfisáhrifum.

Áhrif af völdum affallsvatns. Orkustofnun bendir á að förgun affallsvatns sé með þeim hætti sem góð reynsla er af á Íslandi.

Í umsögn Heilbrigðiseftirlits Hafnarfjarðar- og Kópavogssvæðis er leitt að því líkum að lækur sem tekur við skolvatni frá borun sé á grannsvæði vatnsból Vatnsveitu Hafnarfjarðar rétt við brunnsvæðið sem nái eingöngu 5 m frá vatnstökustað. Heilbrigðiseftirlitið telji að framkvæmdin geti valdið mengun í vatnsbólinu. HS Orka þurfi að sýna fram raunhæfar aðgerðir til að vernda vatnsbólin eða veita skiljuvatninu fram hjá vatnsverndarsvæðinu.

Í svörum HS Orku kemur fram að yfirfallsvatn úr skolvatnspró á borstað verði leitt til austurs frá borsvæði niður eftir skurði um 200-300 m og síðan til suðsuðausturs eftir skurði austan við Gestsstaðavatn. Þaðan færi vatnið eftir leysingarvatnsfarvegi langt austan við umrætt vatnsból þar til það sameinast öðrum farvegi úr vestri sem liggja nær vatnsbólinu. Farvegirnir sameinist í um 600 m frá vatnsbólinu og um 20 m neðar í landi. Fullyrða megi að mengun vatnsbólins frá skolvatni borsins sé algjörleg útilokuð.

Áhrif á menningarminjar. Fornleifavernd ríkisins bendir á að vatnslögn fyrir skolvatn frá borteig að Kleifarvatni muni liggja nærri fornleifum, leifar túngarða og mögulega einnig leifar bæjarstæðis, sem vegurinn hafi verið lagður yfir. Fornleifavernd ríkisins telur brýnt að verktakar séu meðvitaðir um staðsetningu fornleifanna svo að komast megi hjá því að þeim verði raskað af vangá.

NIÐURSTAÐA SKIPULAGSSTOFNUNAR

Um er að ræða borun allt að þriggja djúpra rannsóknarhola á háhitasvæði neðan Hveradals í Krýsuvík. Framkvæmdin er tilkynningarskyld til ákvörðunar um matsskyldu samkvæmt 6. gr. og lið 2 c.i. í 2. viðauka í lögum um mat á umhverfisáhrifum nr. 106/2000 m.s.b.

Skipulagsstofnun telur að helstu neikvæðu áhrif framkvæmdanna á umhverfið séu sú truflun sem fylgi framkvæmdatíma og búast má við að raski upplifun útivistarfólks í nágrenni framkvæmdasvæðisins á meðan borun og blástursprófun hola fer fram. Skipulagsstofnun vekur athygli á að truflun af hávaða frá borholu í blæstri er ekki aðeins vegna hljóðstyrks heldur veldur lág tíðni því að drunur berast um langan veg og geta truflað upplifun ferðamanna og útivistarfólks. Að þessu þarf að huga við gerð hljóðdeyfa og val á árstíð þegar afkastamæling hverrar holu fer fram.

Ef eingöngu verður um rannsóknarholur að ræða og þeirri umgengni og þeim frágangi fylgt sem boðuð er í greinargerð framkvæmdaraðila þá telur Skipulagsstofnun ekki líklegt að veruleg ummerki eftir framkvæmdirnar standi eftir. Ef niðurstöður rannsóknarborana vekja væntingar sem leiða til frekari borana eða virkjunar þá ber, áður en ráðist er í frekari framkvæmdir, að haga málsmeðferð samkvæmt lögum um mat á umhverfisáhrifum.

Skipulagsstofnun tekur undir ábendingar Fornleifaverndar ríkisins og telur nauðsynlegt að vekja athygli verktaka á staðsetningu fornleifa svo tryggt verði að þeim verði hlíft við raski.

Í samræmi við 6. gr. laga um mat á umhverfisáhrifum nr. 106/2000 m.s.b. hefur Skipulagsstofnun farið yfir þau gögn sem lögð voru fram af hálfu HS Orku hf. við tilkynningu, umsagnir og viðbrögð HS Orku hf. vegna þeirra. Á grundvelli þessara gagna er það niðurstaða Skipulagsstofnunar að borun rannsóknarhola á háhitasvæði neðan Hveradals í Krýsuvík í Hafnarfirði, sé ekki líkleg til að hafa í för með sér umtalsverð umhverfisáhrif og skuli því ekki háð mati á umhverfisáhrifum.

Skipulagsstofnun vekur athygli á að framkvæmdirnar eru háðar framkvæmdaleyfi Hafnarfjarðarbæjar skv. 27. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 m.s.b. og starfsleyfi Heilbrigðiseftirlits Hafnarfjarðar- og Kópavogssvæðis skv. reglugerð nr. 785/1999 um starfsleyfi fyrir atvinnurekstur sem kann að hafa í för með sér mengun. Áður en framkvæmdaleyfi er veitt þarf að liggja fyrir staðfest breyting á Aðalskipulagi Hafnarfjarðar 2005-2025.

Samkvæmt 14. gr. laga nr. 106/2000 m.s.b. má kæra ákvörðun Skipulagsstofnunar til umhverfisráðherra. Kærufrestur er til 3. ágúst 2009.

Þóroddur F. Þóroddsson

Sigurður Ásbjörnsson